

Mánudaginn 6. febrúar 1995.

Nr. 27/1995.

**B-stræti hf.**

gegn

**Jóni Ó. Ragnarssyni**

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

Kærumál. Innsetning.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. janúar 1995, sem barst réttinum 27. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 13. janúar sl., þar sem fallist var á kröfu varnaraðila um innsetningargerð hjá sóknaraðila. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og hafnað kröfu varnaraðila um innsetningargerð. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar auk kærumálskostnaðar.

Í málinu hefur verið lagður fram samningur 13. apríl 1993, þar sem varnaraðili selur Glæsi hf. stóla þá, sem deila málsaðila snýst um. Samkvæmt samningnum skyldi kaupverðið greitt með tveimur víxlum með gjalddögum í maí og júní 1993. Víxlar þessir eru ógreiddir. Samkvæmt gögnum málsins var bú Glæsis hf. tekið til gjaldþrotaskipta 28. febrúar 1994. Hefur búið ekki gert tilkall til þeirra muna, er mál þetta varða. Kröfum samkvæmt ofangreindum víxlum var lýst í þrotabú Glæsis hf. sem almennum kröfum, en upplýst er, að ekkert fáist greitt af þeim við skiptin.

Í nefndum samningi varnaraðila við Glæsi hf. er ákvæði þess efnis, að umræddir stólar skuli vera eign seljanda, þar til kaupandi hafi fullnægt öllum skilmálum samningsins. Enn fremur segir þar, að komi til vanefnda kaupanda, geti seljandi tekið hina seldu muni úr vörslum hans. Hefur varnaraðili skýrt svo frá, að hann hafi, áður en samningurinn við Glæsi hf. var gerður, selt öðrum kaupanda um-

rædd húsgögn, en sá aðili hafi stundað veitingarekstur að Þingholtsstræti 2–4. Vegna þess að hinn fyrri kaupandi hafi ekki greitt kaupverðið, hafi hann skilað varnaraðila stólunum, líklega í árslok 1992. Hafi varnaraðili haft þá í vörslum sínum um nokkurra mánaða skeið, en þeir síðan verið afhentir Glæsi hf. við gerð samningsins 13. apríl 1993 til afnota í sama húsnæði að Þingholtsstræti 2–4, sem þeir höfðu áður verið í. Mótmælir hann þeirri staðhæfingu sóknaraðila, að samningurinn við Glæsi hf. um eignarrétt varnaraðila á húsgögnunum hafi fyrst verið gerður eftir afhendingu þeirra til að tryggja skuld, sem þegar hafi verið til orðin.

Réttur varnaraðila samkvæmt ofangreindum samningi er nægjanlega skýr, til að krafa um innsetningargerð verði á honum reist. Samkvæmt því ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar. Þá greiði sóknaraðili varnaraðila kærúmálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Það athugast, að í hinum kærða úrskurði segir, að varnaraðili hafi eignast umrædda stóla með samningi við Framkvæmdasjóð Íslands um kaup á Hótel Örk í Hveragerði með innbúi á sínum tíma. Samkvæmt samningi þessum, sem lagður er fram í málinu, var Hafnarbíó hf. kaupandi umræddrar fasteignar og lausafjár. Varnaraðili hefur skýrt svo frá, að hann sé stærsti hluthafinn í Hafnarbíói hf. Þá hefur verið lögð fyrir Hæstarétt yfirlýsing Hafnarbíós hf. 31. janúar 1995 þess efnis, að stólarnir hafi áður verið í eigu Hafnarbíós hf., en verið orðnir eign varnaraðila, er hann ráðstafaði þeim með samningi við Glæsi hf. 13. apríl 1993.

#### D ó m s o r ð:

Tekin er til greina krafa varnaraðila, Jóns Ó. Ragnarssonar, um, að umbeðin innsetningargerð nái fram að ganga hjá sóknaraðila, B-stræti hf., til að veita honum umráð yfir 34 breskum kráarstólum úr dökkum viði.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 30.000 krónur í kærúmálskostnað.

## Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. janúar 1995.

### I.

Mál þetta, sem þingfest var 9. nóvember sl., var tekið til úrskurðar 9. þ. m. að loknum munnlegum málf lutningi.

Gerðarbeiðandi er Jón Ó. Ragnarsson, kt. 290639-2479, Seljugerði 12, Reykjavík, en gerðarþoli B-stræti hf., kt. 410394-2519, Þingholtsstræti 2–4, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst dómsúrskurðar um, að 52 breskir kráarstólar úr dökkum víði verði með beinni aðfarargerð teknir úr vörslum gerðarþola og fengnir lögmanni hans f. h. gerðarbeiðanda. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Gerðarþoli krefst þess, að synjað verði um gerðina og gerðarbeiðanda gert að greiða gerðarþola málskostnað að mati dómsins.

### II.

Aðilar eru ekki á eitt sáttir um atvik málsins, en því er ekki andmælt, að gerðarbeiðandi hafi eignast 52 stóla af þeirri gerð, er hér um ræðir, er hann keypti Hótel Örk í Hveragerði með innbúi af Framkvæmdasjóði Íslands á sínum tíma. Með kaupsamningi 13. apríl 1993 kveðst gerðarbeiðandi hafa selt Glæsi hf., kt. 611139-0129, Þingholtsstræti 2–4, Reykjavík, umrædda stóla með fyrirvara um eignarrétt seljanda, uns kaupandi hefði fullnægt samningsskyldum sínum, og skyldi kaupverðið, 500.000 kr., greitt í tvennu lagi, 250.000 kr. í hvort sinn, á gjalddögum 25. maí og 25. júní 1993. Kaupandi hafi samþykkt víxla fyrir greiðslunum, sem hafi gjaldfallið án greiðslu. Af hálfu gerðarþola er hins vegar haldið fram, að stóla þessa hafi Anton Navarez og Ingbór Björnsson keypt af gerðarbeiðanda með gjaldfresti haustið 1990, er þeir hófu veitingastarfsemi í húsnæðinu Þingholtsstræti 2–4, og hafi þeir verið í húsinu allar götur síðan og gengið kaupum og sölum milli ýmissa eigenda að veitingarekstrinum á tímabilinu til dagsins í dag.

Upplýst er, að bú Glæsis hf. er undir gjaldþrotaskiptum og að búið gerir ekki tilkall til stóla, sem tilgreindir eru í innsetningarbeiðni gerðarbeiðanda. Þá er viðurkennt af umboðsmanni gerðarþola, að gerðarþoli hafi 34 af umdeildum stólum í sínum vörslum sem hluta af húsbúnaði, sem gerðarþoli hafi á kaupleigusamningi við Fofni hf., kt. 490891-1379, frá 2. mars 1994.

### III.

Gerðarbeiðandi heldur því fram, að hann eigi umrædda stóla í vörslum gerðarþola, en gerðarþoli neiti að afhenda sér þá, og kveðst styðja kröfu

sína við 12. og 13. kafla laga nr. 90/1989 um aðför og þó sérstaklega við 78. gr. þeirra laga.

Af hálfu gerðarþola er haldið fram eftirfarandi málsástæðum:

1. Ákvæði um eignarréttarfyrrvara seljanda í kaupsamningnum frá 13. apríl 1993 er ógildur, þar sem samningurinn var gerður eftir afhendingu stólanna.
2. Gerðarþoli er ekki réttur aðili þessa máls, þar sem hann leigir umdeilda muni frá Fofni hf.
3. Forsvarsmenn gerðarþola og viðsemjandi hans, Fofnir hf., og viðsemjanda Fofnis hf., Arðs hf., voru allir í góðri trú um kvaðaleysi eignarréttar Glæsis hf., þar eð gerðarbeiðandi þinglýsti ekki eignarrétti sínum í lausafjárnám né varaði á annan hátt grandlausu viðsemjendum Glæsis hf. og þeirra, sem leiddu rétt sinn frá félaginu, við umdeildum rétti gerðarbeiðanda til stólanna. Grandlausir kaupendur stólanna hafa því öðlast fullan eignarrétt yfir þeim fyrir traustnám.
4. Gerðarbeiðandi hefur ekki rift kaupsamningnum frá 13. apríl 1993 á lögformlegan hátt.
5. Gerðarbeiðandi hefur ekki lýst kröfu í þrotabú Glæsis hf. né látið reyna á það, hvort víxlar, sem settir voru til greiðslu stólanna, fáist greiddir.
6. Gerðarbeiðandi hefur notfært sér umrædda víxla í viðskiptum við Hafnarbíó hf., sbr. dskj. nr. 18. og 19.
7. Málið er svo vanreifað af hálfu gerðarbeiðanda, að synja ber þegar af þeirri ástæðu um innsetningu.

Við flutning málsins kom fram hjá lögmanni gerðarþola, að ekki lægi fyrir í málinu, að gerðarbeiðandi hefði orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna sölu stólanna, miklu fremur mætti leiða líkur að því, að hann hefði með umræddum víxlum fengið andvirði þeirra.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að ekkert banni aðilum að gera samning með ákvæði um eignarréttarfyrrvara eftir afhendingu söluhlutar, þó að kaupandi hefði á sínum tíma getað hafnað slíkum skilmála, hefði hann óskað þess. Þá sé óumdeilt, að stólarnir séu nú að Þingholtsstræti 2–4 í vörslum gerðarþola, og því sé gerðarþoli réttur aðili gagnvart innsetningarbeiðni gerðarbeiðanda eðli máls samkvæmt. Þá er því haldið fram, að reglur um traustnám gildi ekki um muni þá, er hér um ræðir, enda gildi slíkar reglur aðeins á þröngu sviði, s. s. um peninga og viðskiptabréf, þ. e. enga þýðingu hafi í þessu sambandi hugsanlegt grandleysi viðsemjenda Glæsis hf. og þeirra, er leiði rétt sinn til stólanna frá félaginu, um eignarrétt gerðarbeiðanda, enda glati og eigendur lausafjár, sem ekki er skráningarskyllt, ekki rétti sínum að lögum gagnvart grandlausum kaupanda, þótt réttinum sé ekki þinglýst.

Gerðarbeiðandi kveður ljóst, að þrotabú Glæsis hf. muni á engan hátt standa við kaupsamninginn frá 13. apríl 1993, en kröfu hafi verið lýst í búið á hans vegum, sbr. dskj. nr. 18 og 19. Þá séu víxlarnir án ábyrgðarmanna og greiðandi gjaldþrota. Lögmaður gerðarbeiðanda skýrði í málflutningi svo frá kröfulýsingum í nafni Hafnarbíós hf., að um væri að ræða hlutafélag, er ræki Hótel Örk í Hveragerði, og væri gerðarbeiðandi stærstur hluthafi og framkvæmdastjóri; skrifstofa lögmannsins hefði innheimtur fyrir hótelið, og hefði því kröfulýsing verið gerð í nafni Hafnarbíós hf. fyrir mistök, þó að gerðarbeiðandi væri eigandi kröfunnar.

#### IV.

Eins og áður segir, er ekki deilt um, að gerðarbeiðandi hafi á sínum tíma eignast svonefnda 52 breska kráarstóla úr dökkum viði, sem málið fjallar um. Gerðarþoli telur hins vegar, að þar sem stólarnir hafi gengið kaupum og sölum ásamt öðrum búnaði veitingastarfsemi að Þingholtsstræti 2–4 um árabíl milli grandlausra aðila um eignarrétt gerðarbeiðanda, hafi gerðarbeiðandi glatað rétti sínum fyrir vangeymslu, a. m. k. sé réttur hans, eins og nú sé komið, ekki svo ótvíræður, að heimila megi innsetningargerð án undangengins dóms eða réttarsáttar. En að virtum málavöxtum og með vísan til röksemda gerðarbeiðanda og þeirra gagna, sem hann hefur lagt fram, annars vegar og viðurkenningar gerðarþola að hafa undir höndum 34 af umdeildum stólum hins vegar, þykja við svo búið ekki vera efni til annars en heimila gerðarbeiðanda innsetningu í þessa 34 stóla hjá gerðarþola á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum verður málskostnaður ekki dæmdur.

Þáll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Viðurkenndur er réttur gerðarbeiðanda, Jóns Ó. Ragnarssonar, kt. 290639-2479, til að brigða úr vörslum gerðarþola, B-stræti hf., kt. 410394-2519, 34 breskum kráarstólum úr dökkum viði. Málskostnaður er ekki dæmdur.